

# Þjónustusamningur um kennslu á framhaldsskólastigi

Menntamála- og menningarmálaráðuneytið, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneytið, og Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, kt. 500507-0550, í samningi þessum nefndur ýmist verksali eða skóli, gera með sér svofelldan þjónustusamning um kennslu á framhaldsskólastigi, á grundvelli heimildar í 3. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

## 1. Lagaheimildir og forsendur samningsins

- 1.1. Um samninginn gilda ákvæði 30. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerðar nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs, nema ríkari kröfur séu gerðar í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- 1.2. Verksali rekur framhaldsskóla sem skal starfa í samræmi við lög um framhaldsskóla, að undanskildum II. kafla laganna, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem ráðuneytið gefur út á grundvelli þeirra.
- 1.3. Skólinn hafi viðurkenningu skv. 12. gr. framhaldsskólalaga.
- 1.4. Skólinn starfi á framhaldsskólastigi samkvæmt samþykktum einkahlutafélags sem ráðuneytið hefur fallist á sem eina af forsendum samnings þessa.
- 1.5. Skólinn starfi í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga við um starfsemi hans. Þar á meðal geta verið lög og reglugerðir um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins, eftir því er við á. Eftirfarandi lög og reglugerðir kunna því að eiga við:
  - Lög um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997, einkum 20. og 30. gr. laganna.
  - Reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004.
  - Lög um opinber innkaup nr. 84/2007, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna.
  - Upplýsingalög nr. 140/2012, sbr. 3. gr. laganna.
  - Stjórnsýslulög nr. 37/1993, sbr. 1. gr. laganna.
  - Lög um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997, sbr. 1. gr. laganna.
  - Samkeppnislög nr. 8/1993, einkum 14. gr.
  - Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.
  - Lög um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985, sbr. 5. gr.
  - Reglur um aðfaranám að háskólastigi nr. 1266/2013.
- 1.6. Hluti af þessum samningi er í fylgiskjali og er það samningur skv. 2. mgr. 44. gr. framhaldsskólalaga, skólasamningur, þar sem fram koma helstu áherslur og markmið í starfi skólans, skólanámskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og annað sem talið er æskilegt til að útfæra samning þennan. Skólasamningur er gerður til sama tíma og þessi samningur.

## 2. Þjónustan

- 2.1. Skólinn veitir nemendum og kennurum þjónustu og aðbúnað sem er nauðsynleg og almennt tíðkast vegna námsbrautar fyrir einka- og styrktarþjálfara með námslok á 2. þrepi (ÍAK) og aðfaranáms (Háskólabrúar).
- 2.2. Miðað er við að árlegur fjöldi ársnemenda á námsbraut fyrir einka- og styrktarþjálfara sé að hámarki 60 og að árlegur fjöldi ársnemenda í frumgreinanámi sé að hámarki 235. Miðað er við ígildi nemenda (ársnemendur) í fullu námi. Miðað er við að hlutfall

nýrra nemenda og nemenda úr skilgreindum forgangshópum sé að lágmarki 50% af heildarfjölda nemenda hverju sinni á námsbraut fyrir einka- og styrktarþjálfara.

### 3. Réttindi og skyldur nemenda

- 3.1. Réttindi og skyldur nemenda skulu vera sambærileg ákvæðum í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og skulu útfærð og birt í skólanámskrá.
- 3.2. Skólinn kynni nemendum og hafi á vefsíðu sinni greinargóðar upplýsingar um réttindi og skyldur nemenda, þar á meðal leiðbeiningar um málskotsrétt þeirra, gjaldtökureglur, fyrirkomulag náms, skólanámskrá og próftökureglur.
- 3.3. Innritun nemenda er á ábyrgð skólans sbr. 32. gr. framhaldsskólalaga.
- 3.4. Forgang á námsbraut fyrir einka- og styrktarþjálfara eiga nemendur á aldrinum 18-20 ára sem hafa lokið 100 einingum í framhaldsskóla. Nánara ákvæði um forgang á brautina er í skólasamningi sem er í fylgiskjali. Forgang í aðfaranám eiga nemendur sem lokið hafa 117 einingum í framhaldsskóla, þar af ákveðnum einingafjölda í stærðfræði, íslensku og ensku og uppfylla ákvæði reglna um aðfaranám að háskólanámi nr. 1266/2013.
- 3.5. Skólinn heldur rafrænt nemendabókhald sem getur látið miðlægu kerfi opinberra framhaldsskóla og háskóla í té nöfn og kennitölur nemenda skólans, skráningu þeirra í áfanga, einkunnir þeirra og skólasókn, á hverri önn, samanber reglugerð um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólahald, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur nr. 235/2012.
- 3.6. Innheimti skólinn gjald af nemendum vegna þeirrar þjónustu sem samningur þessi fjallar um skal ástæða gjaldtöku útskýrð og birt ásamt gjaldskrá á áberandi stað á vef hans. Hækki skólinn gjöld umfram verðlagshækkun eða leggi á ný gjöld kynnir hann það fyrir nemendum með góðum fyrirvara og útskýrir ástæður hækkunar.

### 4. Ábyrgð skólans


- 4.1. Skólinn ber ábyrgð á að þjónusta við nemendur sé fagleg og fullnægi kröfum um gæði og sé í samræmi við lög og reglur. Hann skal geta lagt fram gögn og skýrslur um innra mat, skv. 40. og 41. gr. framhaldsskólalaga, því til staðfestingar.
- 4.2. Skólinn ber ábyrgð á úrlausn mála gagnvart nemendum, starfsmönnum sínum, birgjum og ráðuneytinu.
- 4.3. Skólinn á rétt á að kaupa þjónustu af verktökum vegna afmarkaðra þátta í rekstri skólans, en slík kaup leysa hann þó ekki undan ábyrgð á framkvæmd samningsins. Skal ekki gera minni kröfur til verktaka en gerðar eru til skólans í samningi þessum.
- 4.4. Skólanum ber að gæta þess að útgjöld séu í samræmi við tekjur og gæta ráðdeildar í rekstri. Tekjum sem verða til í tengslum við samninginn er einungis heimilt að verja til þeirrar þjónustu sem hann nær til.
  - 4.4.1. Skólanum er óheimilt að:
    - 4.4.1.1. Efna til óvenjulegra ráðstafana í fjármálum eða skuldbindinga sem verulegar líkur eru á að stofni framkvæmd samningsins í hættu eða bitni á námi og nemendum sem samningurinn tekur til.
    - 4.4.1.2. Veita önnur lán en þau sem tengjast rekstri skólans. Lán skulu ekki vera með lakari kjörum sem almennt gilda í sambærilegum viðskiptum.
    - 4.4.1.3. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
    - 4.4.1.4. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð.
    - 4.4.1.5. Greiða út arð vegna ávöxtunar á framlagi eigenda umfram raunávöxtun á verðtryggðum rikisskuldbréfum frá þeim tíma sem framlagið var greitt inn.

Tilkynna skal ráðuneytinu fyrirfram um áformaðar arðgreiðslur og gefa því hæfilegan frest til að bregðast við.

- 4.5. Auk lögboðinna trygginga kaupir skólinn frá upphafi samnings aðrar nauðsynlegar skaðabóta- og vátryggingar vegna rekstrarins þar á meðal vegna tjóns, sem veldur því að rekstur hans stöðvast.
- 4.6. Skólinn leggi fram, eigi síðar en við undirritun samnings, tryggingu sem nemur sem næst 20% af áætluðum útgjöldum vegna samnings þessa á heilu ári eða 33 m.kr. til tryggingar á tjóni sem ráðuneytið kann að verða fyrir vegna vanefnda hans á samningnum, svo sem ef útvega þarf nemendum skólavist í öðrum skólum. Tryggingin er í formi veðs í hluta af tækjabúnaði og innbúi skólans, en miðað skal við að trygging þessi og hugsanleg þinglýsing í lausafjárnám sé skólanum að kostnaðarlausu. Skólinn hefur heimild til að hagnýta sér hið veðsetta með hefðbundnum hætti til kennslu- og rannsóknarstarfsemi. Honum er hvorki heimilt að veðsetja búnaðinn og innbúið öðrum né selja eða farga hinu veðsetta nema kaupa nýrri og betri búnað í staðinn. Komi til þeirra atvika sem tilgreind eru í grein 9.6 ber skólanum að afhenda ráðuneytinu hið veðsetta í samræmi við ákvæði þeirrar greinar. Skólinn kynni með formlegum hætti ákvæði þessarar greiðar fyrir lánveitendum sínum og geti tryggingarinnar í ársreikningi.

## 5. Framlög ríkisins og fjárhagsleg samskipti

- 5.1. Rekstrarframlag ríkisins til skólans á grundvelli samning þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs sbr. 43. gr. framhaldsskólalaga og 3. mgr. 21. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Fjárhagsleg skuldbinding ríkisins verður aldrei hærri en fjárveiting í fjárlögum hvers árs á fjárlagalið skólans.
- 5.2. Fjárhæðir í samningnum eru bæði með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og um að stjórnvöld kunna að ákveða breytingar á fjárhæðum við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig er þeim heimilt að gera kröfu um hagræðingu við rekstur verkefna sem samningurinn fjallar um á sama hátt og þau gera til ríkisstofnana og annarra sem hafa með höndum sambærilega starfsemi.
- 5.3. Framlag ríkisins samkvæmt samningi þessum skal taka breytingum vegna almennrar launa- og verðlagsþróunar eins og hjá sambærilegum framhaldsskólum í fjárlögum hvers árs.
- 5.4. Tillögur ráðuneytisins við undirbúning fjárlaga um árlegt rekstrarframlag til samningsins verða, eins og gagnvart opinberum framhaldsskólum, byggðar á grundvelli reiknireglna sem ráðherra setur með reglum skv. 2. mgr. 43. gr. framhaldsskólalaga.
- 5.5. Þar til reiknireglur liggja fyrir munu sömu reiknireglur og viðmiðanir verða notaðar við tillögugerð vegna samnings þessa og vegna sambærilegra framhaldsskóla ríkisins:
- 5.5.1. Ársnemendafjöldi á grundvelli prófþátttöku í mismunandi námi (áföngum). Miðað verður að hámarki við 60 ársnemendur á námsbraut fyrir einka- og styrktarþjálfara og 235 fyrir nemendur í frumgreinanámi. Framlag á hvern ársnemanda á námsbraut fyrir einka- og styrktarþjálfara verður 737,5 þús. kr. og fyrir nemendur í frumgreinanámi 516,4 þús. kr.
- 5.5.2. Framlag til leigu húsnæðis er ekkert, enda greiðir skólinn ekki af húsnæði því sem samningur þessi nær til, á samningstímanum.
- 5.6. Skólinn skilar, óumbeðinn, ráðuneytinu upplýsingum vegna undirbúnings fjárlagatillagna með sama hætti og opinberir framhaldsskólar. Ráðuneytið kynnir skólanum tillögur sínar og afgreiðslu á þeim með sama hætti og það gerir gagnvart öðrum framhaldsskólum.




- 5.7. Skólinn getur með sama hætti og aðrir framhaldsskólar sótt um fjárveitingar úr sjóðum á vegum ráðuneytisins sem ætlað er að koma á móts við sérgreindan kostnað við þróun og rekstur framhaldsskóla.
- 5.8. Skólinn skilar, óumbeðinn, ráðuneytinu ársáætlun (fjárhagsáætlun) fyrir fjárlagaárið sem er framundan með sambærilegum hætti og opinberir framhaldsskólar gera samkvæmt 7. og 8. gr. reglugerðar um framkvæmd fjárlaga. Jafnframt leggur hann þá fram bráðabirgðauppgjör fjárhagsbókhalds ársins á undan áætlunarárinu.
- 5.9. Ráðuneytið greiðir skólanum framlag í fjárlögum í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar.
- 5.10. Skólinn skilar ráðuneytinu, óumbeðinn:
  - 5.10.1. Óendurskoðuðu hálfársuppgjöri fjárhagsbókhalds fyrir lok ágúst mánaðar ár hvert eða sambærilegum upplýsingum um fjárhagsstöðu skólans.
  - 5.10.2. Fyrir lok maímánaðar endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan sem áritaður er af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðandi skal kanna ársnemendatölur og annað sem snýr sérstaklega að framkvæmd þessa samnings. Ársreikningurinn skal einnig sendur Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðun samkvæmt 20. gr. laga um fjárreiður ríkisins.
- 5.11. Að fjárlagaárinu liðnu er rekstrarframlag gert upp í samræmi við almennar reglur um uppgjör fjárveitinga sem ráðuneytið setur skv. 2. mgr. 43. gr. framhaldsskólalaga.
  - 5.11.1. Þar til almennar reglur hafa verið settar, verður við uppgjör miðað við meðalframlag á ársnemanda. Skólinn skal láta ráðuneytinu í té upplýsingar um próftöku og annað sem uppgjör verður byggt á. Skal þetta gert svo fljótt sem verða má eftir einkunnaafhendingu og getur ráðuneytið ákveðið skiladaga.
  - 5.11.2. Leiði uppgjör í ljós að skólanum hafi verið ofgreitt framlag skal hann endurgreiða umframframlagið innan tveggja mánaða frá uppgjöri, en þó eigi síðar en í mars mánuði ár hvert. Ráðuneytinu er heimilt að draga ofgreitt framlag frá fjárveitingu á uppgjörsárinu. Skólinn á ekki rétt á herra framlagi en ákveðið er til hans í fjárlögum þótt raunfjöldi ársnemenda sé umfram forsendur fjárveitinga til hans, nema um það hafi verið gert sérstakt skriflegt samkomulag í tengslum við innritun nemenda.

## 6. Bókhald og fjárreiður

- 6.1. Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi skólans vegna samnings þessa aðgreindu frá öðrum fjárreiðum, bókhaldi og eignum skólans.
- 6.2. Stundi skólinn annan rekstur en þann sem fellur undir samning þennan fylgir hann leiðbeiningum fjármálaráðuneytisins um fjárhagslega aðgreiningu í rekstri ríkisstofnana, kveði lög, reglur eða ákvarðanir samkeppnisyfirvalda ekki á um annað.
- 6.3. Að því leyti sem skólinn fæst við önnur verkefni en felast í framkvæmd þjónustusamnings þessa skal gera grein fyrir fjárreiðum þeirra í ársreikningi skólans.
- 6.4. Eigi skólinn í viðskiptum við lögaðila sem skólinn á eignarhlut í eða er í eigu eigenda skólans, stjórnenda hans eða annarra fjárhagslega tengdra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi skólans. Jafnframt afhendi skólinn ráðuneytinu ársreikning hlutaðeigandi lögaðila sem skólinn er eigandi að.

## 7. Almenn upplýsingagjöf, samskipti og eftirlit

- 7.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 7.2. Skólastjóri kemur fram fyrir hönd skólans og hefur fullt umboð til að taka allar ákvarðanir vegna þess rekstrar sem felst í umsömdu verkefni.



- 7.3. Skólinn á sama rétt á faglegum leiðbeiningum og ráðgjöf frá ráðuneytinu og aðrir framhaldsskólar.
- 7.4. Fulltrúar ráðuneytisins boða fulltrúa skólans að lágmarki á einn formlegan fund á ári um samninginn.
- 7.5. Fyrir lok febrúar ár hvert skal skólinn skila ráðuneytinu stuttri ársskýrslu á sama hátt og opinberum framhaldsskólum ber að gera skv. 7. gr. reglugerðar um framkvæmd fjárlaga og 1. m.gr. 55. gr. laga um framhaldsskóla. Í henni skal greina frá framkvæmd samnings þessa og framkvæmd skólahalds.
- 7.6. Skólinn skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 7.7. Skólinn veitir Hagstofu Íslands sundurliðaðar upplýsingar úr nemendabókhalði og öðrum skráum vegna hagtalna og veitir Hagstofu Íslands og ráðuneytinu upplýsingar sem UNESCO, OECD og EUROSTAT og aðrir sambærilegir aðilar fara fram á.
- 7.8. Skólinn afhendir ráðuneytinu gögn og veitir því upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með rekstri hans, fjármálum og ytri úttektum. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálf eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í starfsemi skólans, svo sem fjármálum, stjórnsýslu og gæðum náms og kennslu. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum hjá skólanum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skráum, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum. Upplýsingagjöf ráðuneytisins lýtur upplýsingalögum nr. 140/2012.
- 7.9. Um mat og eftirlit með gæðum starfs í skólanum fer samkvæmt VII. Kafla framhaldsskólalaga.
- 7.10. Samning þennan, viðurkenningarskjöl skólans, skólasamning, samning við HÍ, ársreikning skólans, ársskýrslu og úttektarskýrslur skal birta á vef skólans jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

## 8. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 8.1. Skólanum er skylt að tilkynna ráðuneytinu skriflega ef hann telur vafa leika á um að hann geti uppfyllt forsendur samningsins sbr. 1. gr. eða aðrar þær skyldur sem samningur þessi kveður á um. Jafnframt skal skólinn senda ráðuneytinu upplýsingar um til hvaða úrræða hann hyggst grípa.
- 8.2. Komi í ljós að annar hvor samningsaðila efni ekki skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum er hinum aðilanum heimilt að krefjast úrbóta og setja hæfilega tímafresti. Skal það gert skriflega.
- 8.3. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr eða stöðva greiðslur til skólans bæti hann ekki úr vanefndum innan tímafrests sbr. grein 8.2. Ráðuneytið skal þó fyrst gefa stuttan lokafrest til úrbóta.
- 8.4. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 8.5. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 9. Gildistími og lok samnings

- 9.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2014 til 30. júní 2016 en þá lýkur skólaári.
- 9.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því á gildistímanum að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 9.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega í síðsta lagi fyrir lok desember miðað við að samningur gildi til loka yfirstandandi skólaárs.

Handwritten signature and initials, possibly 'JA' and 'm', located at the bottom right of the page.


- 9.4. Skólanum ber að tilkynna ráðuneytinu án dráttar ef til breytinga kemur á eignarhaldi skólans og er ráðuneytinu þá heimilt að segja upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara. Á sama hátt skal tilkynna ráðuneytinu um breytingar á yfirstjórn skólans.
- 9.5. Segi skólinn upp samningnum gildir hann þó áfram um þá nemendur sem eru í skólanum þegar uppsögn berst þar til þeir gætu hafa lokið námi miðað við eðlilegan námshraða, enda semjast ekki um annað við ráðuneytið.
- 9.6. Afturkalli ráðherra viðurkenningu skólans sbr. heimild í 5. mgr. 12. gr. laga um framhaldsskóla vegna þess að skólinn uppfyllir ekki lengur skilyrði hennar eða segi ráðuneytið upp samningnum vegna alvarlegra vanefnda skólans á honum og ágreinings sem aðilum samningsins tekst ekki að leysa úr, getur það leitt til fyrirvaralausrar riftunar samningsins. Ráðuneytið getur þá tekið yfir rekstur skólans eða flutt verkefnið sem samningur þessi fjallar um ásamt fjárveitingum þess til annars skóla enda sé hagsmunum nemenda best borgið á þann hátt að mati ráðuneytisins. Ráðuneytið getur ákveðið að húsnæði, búnaður, kerfi, skrár og skjöl í eigu skólans eða rekstraraðila hans fylgi verkefninu þar til nemendur hafa lokið námi miðað við eðlilegan námshraða eða tekist að útvega þeim nám í öðrum skólum. Komi til þessa mun ráðuneytið standa straum af öllum kostnaði hvort heldur sem er húsaleiga og rekstur húsnæðis, búnaður eða annar kostnaður sem kann að tengjast verkefninu.
- 9.7. Samningsaðilar ákveða sameiginlega, hálfu ári áður en samningur rennur út, hvort stefna skuli að endurnýjun hans og hefja í framhaldinu viðræður um það. Liggi á hinn bóginn ljóst fyrir af hálfu annars hvors samningsaðila að vilji sé ekki fyrir hendi til endurnýjunar samnings skal sú afstaða viðkomandi samningsaðila tilkynnt gagnaðila í samræmi við ákvæði greinar 9.3. Miðað er við að eigi síðar en hálfu ári áður en samningur rennur út hafi ráðuneytið lokið sérstakri úttekt á framkvæmd samningsins og metið forsendur fyrir áframhaldandi samningi. Á grundvelli þeirrar úttektar er tekin ákvörðun um framhald rekstrarverkefnis, sbr. 17. gr. reglugerðar um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs.
- 9.8. Af samningi þessum eru gerð þrjú eintök. Hvor samningsaðili heldur sínu eintaki og fjármála- og efnahagsráðuneytið einu.

Keilir ehf. undirritar með fyrirvara um grein <sup>\*</sup>5.5.2.


10.09.2014

Staður og dagsetning

  
framkvæmdastjóri Keilis ehf.

fh.   
mennta- og menningarmálaráðherra

  
stjórnarformaður Keilis ehf.

  
fjármála- og efnahagsráðherra  
Samningur staðfestur skv. 1. m.gr. 30. gr.  
fjárreiðulaga nr. 88/1997

Ásbrú 8. september 2014.

**Greinargerð vegna þjónustusamnings við Keili.**

Undirritaður sem og Árni Sigfússon, hafa skrifað undir þjónustusamning við Menntamálaráðuneyti frá 1. janúar 2014 til 30. júní 2016. Undirritunin er þó með fyrirvara um grein 5.5.2.

Sá fyrirvari byggir á því að við óskum eindregið eftir því að fá greidda leigu vegna húsnæðis, rétt eins og gildir um aðra einkaskóla á framhaldsskólastigi. Nægir þar að nefna Verslunarskóla Íslands og Menntaskólann í Borgarfirði. Í samningstextanum eru þau rök fyrir höfnun færð að Keilir greiði ekki af húsnæðinu. Það er alröng fullyrðing. Nú standa yfir framkvæmdir vegna loftræstingar og þakleka á húsnæðinu – hvort veggja áhjákvæmilegt – og mun halda áfram næstu 2-3 árin. Kostnaður af því nemur yfir 100 milljónum króna. Sannarlega er Keilir að greiða af húsnæðinu. Við fáum ekki betur séð en með höfnun sé verið að mismuna skólum og á það getum við ekki fallist. Því er eindregið óskað eftir því að húsaleiga verði greidd sem í sambærilegum skólum.

f.h. Keilis



Hjálmar Árnason,

framkvæmdastjóri.